



Alþýðusamband Íslands

**BYGGJUM RÉttlÁTT
ÞJÓÐFÉLAG**

Til landssambanda og aðildarfélaga innan ASÍ

Reykjavík, 9. október 2009.

Efni: Ársfundur ASÍ 22. og 23. október 2009 – frekari gögn

Ársfundur Alþýðusambands Íslands verður haldinn dagana 22. og 23. október nk. á Hótel Hilton Nordica, Reykjavík. Yfirskrift fundarins verður „Byggjum réttlátt þjóðfélag“.

Greinargerðir vegna málefna fyrir ársfundinn

Eins og fram kom í bréfi ASÍ til aðildarsamtakanna 25. september ákvað miðstjórn að auk umfjöllunar á ársfundinum um efnahags-, atvinnu- og kjaramálin í víðasta skilningi starfi 3 málstofur/nefndir á fundinum um:

- Hag heimilanna
- Efnahags- og kjaramál
- Atvinnumál og samfélagslega ábyrgð

Af hálfu miðstjórnar er lögð mikil áhersla á að gefið verði gott rými fyrir almennar umræður á ársfundinum um stöðuna og viðfangsefni verkalyðshreyfingarinnar, bæði á fundinum sjálfum og í nefndastarfi/málstofum. Í samræmi við þessa afstöðu ákvað miðstjórn jafnframt að undirbúa ekki eiginlegar ályktunartillögur heldur hefur hún látið vinna greinargerðir eða ramma fyrir umræðuna um framangreind málefni sem hér fylgja með.

Breytingar á lögum ASÍ

Eins og boðað var í bréfi til aðildarsamtaka ASÍ 25. september sl. fylgja hjálagt lagabreytingatillaga miðstjórnar ASÍ sem afgreidd var á fundi hennar 7. október sl. sem felur í sér að breytingar á skattkerfi sambandsins til lækkunar á tekjum sambandsins komi að fullu til framkvæmda á árinu 2009, en ekki í áföngum til 2010 eins og áður hafði verið ákveðið.

Tillögur Verkalýðsfélags Akraness um lífeyrismál

Eins og fram kom í bréfi til aðildarsamtaka ASÍ frá 25. september barst eitt mál til ASÍ á grundvelli 2. mgr. 24. gr. laga ASÍ frá stjórn og trúnaðarráði Verkalýðsfélags Akraness með tillögum um breytingar á samningi við Vinnuveitendasamband Íslands (nú SA) um lífeyrismál dagsettum 12. desember 1995.

Í samræmi við 2. mgr. 24. gr. laga ASÍ fjallaði miðstjórn um tillögurnar og afgreiddi umsögn sína um þær á fundi sínum 7. október sl.

Tillögur Verkalýðsfélags Akraness og umsögn miðstjórnar fylgja hjálagt.

Hagnýtar upplýsingar – áminning

Vert er að minna á nokkur hagnýt atriði sem fram komu í bréfi til aðildarsamtakanna dagsettu 25. september sl.

Hádegisverður

Eins og undanfarin ár hefur verið gert samkomulag við veitingastaðinn Vox á Nordica hótelinu um tilboð á hádegisverðarhlaðborði ársfundardagana, 22. og 23. október nk. Verðið á hlaðborðinu er kr. 2.350 á mann hvorn daginn. Aðildarfélög sem vilja nýta þennan kost fyrir ársfundarfulltrúa sína eru beðin um að hafa samband við skrifstofu ASÍ, Ástu (asta@asi.is), í síðasta lagi fyrir lok dags mánudaginn 19. október.

Kvöldskemmtun 22. október

Efnt verður til kvöldskemmtunar á Broadway þann 22. október. Boðið verður upp á þríréttaða máltíð, skemmtiatriði og danstónlist. Verð er kr. 6.000 á manninn. Ganga þarf frá þátttöku á midasala@broadway.is eða í síma 533-1100 í síðasta lagi í hádeginu 22. október.

Flug vegna ársfundarins - ferðakostnaður

Um flug vegna ársfundarins gilda sömu reglur og áður, þ.e. að formenn viðkomandi aðildarfélaganna hafa heimild til að panta á reikning ASÍ hjá Flugfélagi Íslands flug vegna ársfundarfulltrúa viðkomandi félags.

Gisting fyrir ársfundarfulltrúa

Hvað varðar gistingu fyrir ársfundarfulltrúa sem koma utan af landi er mikilvægt fyrir aðildarfélögin að ganga frá þeim þætti sem fyrst ef því er ekki þegar lokið. Af hálfu Alþýðusambandsins var óskað tilboða frá nokkrum hótelum um verð á gistingu fyrir ársfundarfulltrúa fyrir þau aðildarfélög sem vilja nýta sér það. Þegar pantað er skal vísa í „tilboð vegna ársfundar ASÍ“. Frekari upplýsingar eru að finna í breiði til aðildarfélaganna frá 25. september.

Frekari upplýsingar – gögn á vefnum

Á heimsíðu ASÍ www.asi.is hefur verið settur sérstakur hnappur „Ársfundur ASÍ“ þar sem hægt er að nálgast öll gögn fyrir ársfundinn.

Með félagskveðjum,



Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Hjálagt fylgja:

- a) Greinargerðir vegna umfjöllunar um eftirtalin málefni á ársfundinum:
 - Hagur heimilanna.
 - Efnahags- og kjaramál.
 - Atvinnumál og samfélagsleg ábyrgð.
- b) Tillaga miðstjórnar um breytingar á lögum ASÍ.
- c) Tillögur Verkalýðsfélags Akraness um breytingar á samningi við Vinnuveitendasamband Íslands (nú SA) um lífeyrismál dagsettum 12. desember 1995.
- d) Umsögn miðstjórnar ASÍ um tillögur Verkalýðsfélags Akraness um breytingar á kjarasamningi ASÍ og SA (áður VSI) frá 1995 um lífeyrismál.